

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknun fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:
Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall kr. 4.500.
Auk grunngjalds reiknast kr. 230 fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu nr. 1/2011 frá 21. mars 2011, um akstursgjald ríkisstarfsmanna og þeirra auglýsinga er koma í hennar stað.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. laga um gæðamat á æðardúni nr. 52/2005 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar gjaldskrá fellur úr gildi gjaldskrá fyrir gæðamat á æðardúni nr. 735/2005.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. mars 2011.

F. h. r.

Þorsteinn Tómasson.

Óskar Páll Óskarsson.